

Útborganir:		Áætlun:		Reikningur:	
31. Eignahreyfingar skv. 20. gr. fjárlaga	kr.	110 947 172.00	kr.	223 634 556.50	
Mismunur	—	3 281 400.00	—	162 759 011.99	
		kr. 1 751 975 000.00	kr. 2 142 303 350.89		

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

5. september.

Nr. 80.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í nótt úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 5. september 1963.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

16. september.

Nr. 81.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 16. september 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.